Mánudaginn 9. júní 1997.

Nr. 228/1997. **Ákæruvaldið**
(Jón H. Snorrason
vararannsóknarlögreglustjóri ríkisins)
gegn
X
(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Kærumál. Frávísunarúrskurður staðfestur. Ákæruvald. Niðurfelling saksóknar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 21. maí 1997, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 23. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 21. maí 1997, þar sem fallist var á kröfu varnaraðila um að vísa máli ákæruvaldsins á hendur honum frá dómi. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til meðferðar samkvæmt ákæru.

Varnaraðili krefst staðfestingar úrskurðar héraðsdóms og kærumálskostnaðar úr ríkissjóði.

Eins og greinir í hinum kærða úrskurði, beindist rannsókn að varnaraðila á árunum 1994 og 1995 vegna grunar um sifjaspellsbrot á árunum 1982 til 1985 gagnvart dóttur hans, fæddri 1972. Í bréfi Rannsóknarlögreglu ríkisins til ríkissaksóknara 8. júlí 1995 var bent á, að varnaraðili hefði neitað sakargiftum um samræði við dóttur sína, sem leiði til þess, að ætluð brot hans kunni að vera fyrnd. Í bréfi ríkissaksóknara 7. nóvember 1995 til Rannsóknarlögreglu ríkisins segir: „Samkvæmt 3. tl. 1. mgr. 81. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 fyrnist sök á brotum gegn 200. gr. sömu laga á 10 árum. Sök er því miður fyrnd í máli þessu, og er því með vísan til 112. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991 eigi krafist frekari aðgerða í málinu af ákæruvaldsins hálfu.“ Bréf þetta var einnig sent varnaraðila og brotaþola.

Framhaldsrannsókn hófst á ætluðum kynferðisbrotum varnaraðila í ágúst 1996. Í bréfi Rannsóknarlögreglu ríkisins til ríkissaksóknara 17. október sama ár er bent á, að brot varnaraðila geti einnig varðað við 1. málslið 1. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga og varðað varnaraðila 12 ára fangelsi, sem fyrnist á 15 árum, í tilfelli varnaraðila árið 1997. Ákæra var síðan gefin út á hendur varnaraðila 12. nóvember 1996, og eru brot ákærða þar heimfærð undir 1. mgr. 200. gr. og 1. málslið 1. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 8. og 10. gr. laga nr. 40/1992, sbr. áður 190. gr. og 1. mgr. 200. gr. almennra hegningarlaga.

Sóknaraðili virðist reisa kröfu sína á því, að ríkissaksóknara hafi verið heimilt að gefa út ákæru á hendur varnaraðila þrátt fyrir fyrri ákvörðun um að falla frá saksókn á grundvelli 112. gr. laga nr. 19/1991, þar sem sú ákvörðun hafi verið byggð á misskilningi. Því er ekki haldið fram, að ný gögn hafi komið fram í málinu. Af lögjöfnun frá 3. mgr. 76. gr. laga nr. 19/1991 verður hins vegar ályktað, að ríkissaksóknara sé ekki unnt að hverfa frá ákvörðun um niðurfellingu saksóknar á grundvelli 112. gr. laga nr. 19/1991, án þess að fram komi ný sakargögn, sbr. dóm Hæstaréttar 1995, bls. 791. Samkvæmt þessu brast ríkissaksóknara lagaheimild til að afturkalla ákvörðun sína frá 7. nóvember 1995 um niðurfellingu saksóknar á hendur varnaraðila. Verður niðurstaða hins kærða úrskurðar því staðfest um frávísun málsins og sakarkostnað og verjanda varnaraðila dæmd þóknun úr ríkissjóði vegna kærumálsins, eins og nánar greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Þóknun skipaðs verjanda varnaraðila, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 35.000 krónur, vegna kæru þessa máls greiðist úr ríkissjóði.